

VIÐAUKI I
SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

Lyfið er ekki lengur með markaðsleyfi

SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

1. HEITI LYFS

Sonata 5 mg hörð hylki.

2. INNIHALDSLÝSING

Hvert hylki inniheldur 5 mg af zaleploni.

Hjálparefni með þekkta verkun: Laktósamónóhýdrat 54 mg.

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Hylki, hart.

Hylkin eru hörð, ógegnæ, hvít og ljósbrún með áletruðum styrkleika „5 mg“.

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Ábendingar

Sonata er ætlað til meðferðar við svefnleysi hjá sjúklingum sem eiga erfitt með að festa svefn. Það er eingöngu ætlað til notkunar þegar um alvarlegt svefnleysi er að ræða sem skerðir starfsgetu viðkomandi einstaklings eða veldur honum verulegri streitu.

4.2 Skammtar og lyfjagjöf

Fyrir fullorðna er ráðlagður skammtur 10 mg.

Meðferð skal gefa í eins skamman tíma og mögulegt er, hámarkstímalengd er tvær vikur.

Sonata má taka rétt áður en lagt er til svefns, eða eftir að reynt hefur verið að sofna, án árangurs. Þar sem gjöf eftir máltíð seinkar hámarksþéttni í plasma um u.þ.b. tvær klukkustundir á ekki að neyta matar með eða stuttu fyrir töku Sonata

Heildarskammtur af Sonata skal aldrei vera meira en 10 mg á sólarhring. Ráðleggja skal sjúklingum að taka ekki tvo skammta á einni nóttu.

Aldraðir

Aldraðir sjúklingar geta verið næmir fyrir áhrifum svefnlyfja, því er ráðlagður skammtur af Sonata fyrir aldraða 5 mg.

Börn

Ekki má nota Sonata fyrir börn og unglinga yngri en 18 ára (sjá kafla 4.3).

Skert lifrarstarfsemi

Vegna skertrar úthreinsunar skal gefa sjúklingum með væga eða miðlungsmikla skerðingu á lifrarstarfsemi 5 mg af Sonata. Sjá kafla 4.3 fyrir verulega skerta lifrarstarfsemi.

Skert nýrnastarfsemi

Engin þörf er á aðlögun skammta hjá sjúklingum með væga og miðlungsmikla skerðingu á nýrnastarfsemi þar sem lyfjahvörf Sonata eru óbreytt hjá þeim. Ekki má nota þegar um verulega skerta nýrnastarfsemi er að ræða (sjá kafla 4.3).

4.3 Frábendingar

Ofnæmi fyrir virka efniinu eða einhverju hjálparefnanna sem talin eru upp í kafla 6.1.

Verulega skert lifrarstarfsemi.

Verulega skert nýrnastarfsemi.

Kæfisvefn (sleep apnoea syndrome).

Vöðvaslensfár (myasthenia gravis).

Veruleg skerðing á öndunarstarfsemi.

Börn og unglingar (yngri en 18 ára).

4.4 Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun

Tilkynnt hefur verið um flókna hegðun sjúklinga sem nota slævandi svefnlyf s.s. „að keyra í svefni“ (þ.e. viðkomandi keyrir eftir neyslu slævandi svefnlyfja, er ekki fullkomlega vakandi og man ekki eftir atvikinu). Slík atvik geta átt sér stað hjá þeim sem nýbyrjaðir að taka slævandi svefnlyf en einnig hjá þeim sem hafa reynslu af notkun lyfsins. Þrátt fyrir að hegðun eins og að keyra í svefni geti átt sér stað þegar slævandi svefnlyf eru notuð ein og sér í lækningalegum meðferðaskömmtum getur notkun áfengis og annarra lyfja sem hafa bælandi áhrif á miðtaugakerfið ásamt slævandi svefnlyfjum aukið hættuna á slíkri hegðun ásamt því ef farið er yfir ráðlagða skammta. Vegna hættu fyrir sjúklinginn og samfélagið skal stöðva meðferð zaleplon hjá sjúklingum sem tilkynna um akstur í svefni. Tilkynnt hefur verið um fleiri hliðar flókinnar hegðunar (t.d. að útbúa og borða mat, hringja símtöl eða stunda kynlíf) hjá sjúklingum sem ekki eru fullkomlega vakandi eftir inntöku slævandi svefnlyfja. Líkt og með akstur í svefni muna sjúklingar yfirleitt ekki eftir þessum atburðum.

Tilkynnt hefur verið um alvarleg bráðaofnæmis-/bráðaofnæmislík viðbrögð eftir notkun slævandi svefnlyfja, þar á meðal zaleplon. Tilkynnt hefur verið um tilfelli ofsabjúgs sem fram getur komið á tungu, raddglufu (glottis) eða barkakýli eftir inntöku fyrsta skammts eða áframhaldandi skammta slævandi svefnlyfja þar á meðal zaleplon. Sumir sjúklingar sem hafa tekið slævandi svefnlyf hafa fengið önnur einkenni s.s. andþrengsl, þrengsl í hálsi, ógleði eða uppköst. Nokkrir sjúklingar hafa þurft á læknishjálp að halda á bráðadeildum. Sé um ofsabjúg að ræða í tungu, raddglufu eða barkakýli getur það leitt til öndunarerfiðleika sem geta verið banvænir. Ef sjúklingar fá ofsabjúg eftir meðferð með zaleplon eiga þeir ekki að taka virka efnið aftur.

Svefnleysi getur verið vegna undirliggjandi líkamlegra eða geðrænna þátta. Svefnleysi sem heldur áfram eða versnar eftir að zaleplon meðferð hefur staðið í stuttan tíma, getur bent til þess að endurmeta þurfi ástand sjúklings.

Vegna þess hve helmingunartími zaleplons í blóði er stuttur, skal íhuga aðra meðferð ef sjúklingur vaknar of snemma að morgni. Ráðleggja skal sjúklingum að taka ekki annan skammt af lyfinu sömu nóttina.

Þegar Sonata er gefið samtímis öðrum lyfjum sem hafa áhrif á CYP3A4 má búast við breytingum á blóðþéttni zaleplons (sjá kafla 4.5).

Samtímis notkun Sonata og áfengis er ekki ráðlögð. Slævandi áhrif lyfsins geta aukist þegar það er notað samtímis áfengi sem getur haft áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla næsta dag (sjá kafla 4.7).

Polmyndun

Eftir endurtekna notkun í nokkrar vikur getur dregið úr svæfandi verkun stuttverkandi bensódíazepína og skyldra lyfja.

Ávanahætta

Notkun bensódíazepína og skyldra lyfja getur haft líkamlega og andlega ávanahættu í för með sér. Ávanahættan eykst eftir því sem skammtar eru stærri og meðferð lengri og er meiri hjá sjúklingum sem hafa misnotað áfengi og/eða lyf. Hafi líkamlegur ávani myndast og meðferð er hætt skyndilega, verður fráhvarfseinkenna vart. Þau geta verið höfuðverkur, vöðvaverkir, verulegur kvíði, spennu, eirðarleysi, ringlun og öruglyndi. Í alvarlegum tilvikum geta eftirfarandi einkenni komið fram: veruleikafirring, persónuleikafirring, ofnæm heyrn, dofi og erting í útlimum, aukið næmi fyrir ljósi, hávaða og líkamlegri snertingu, ofskynjanir og krampaflog. Eftir markaðssetningu hafa komið fram upplýsingar um ávanahættu tengda zaleploni, aðallega í samsetningu með öðrum geðlyfjum.

Endurkomið svefnleysi (rebound insomnia) og kvíði

Tímabundið ástand, þar sem þau einkenni sem leiddu til meðferðar með bensódíazepíni eða skyldu lyfi koma fram af enn meiri þunga en áður, getur átt sér stað þegar meðferðinni er hætt. Þessu geta einnig fylgt önnur einkenni s.s. skapbreytingar, kvíði, svefntruflanir og eirðarleysi.

Tímalengd meðferðar

Meðferð skal standa í eins stuttan tíma og mögulegt er (sjá kafla 4.2), og ekki lengur en tveir vikur. Meðferðina skal ekki framlengja nema að klínískt ástand sjúklingsins hafi verið endurnetið.

Það getur verið gagnlegt að upplýsa sjúklinginn um það í byrjun meðferðar að meðferðin muni aðeins standa í skamman tíma. Mikilvægt er að sjúklingar viti af mögulegri endurnomu svefnleysis (rebound phenomena), þannig að halda megí kvíða í lágmarki fari svo að slík einkenni geri vart við sig þegar meðferð er hætt.

Minnisleysi og hughreyfiskerðing (psychomotor impairment)

Bensódíazepín og skyld lyf geta valdið framvirku minnisleysi og hughreyfiskerðingu. Þetta kemur oftast fram á fyrstu klukkustundunum eftir inntöku lyfsins. Til þess að draga úr líkunum á þessu ættu sjúklingar að sjá til þess að þeir hafi möguleika á fjögurra klukkustunda ótrufluðum svefni eftir inntöku Sonata (sjá kafla 4.7).

Geðræn viðbrögð og þverstæðuviðbrögð

Þekkt er að viðbrögð svo sem eirðarleysi, uppnám, öruglyndi, minnkun á hömlum, árásargirni, óeðlilegar hugsanir, ranghugmyndir, skapófsaköst, martraðir, persónuleikaröskun, ofskynjanir, geðveiki (psychoses), óviðeigandi hegðun, úthverfa sem ekki er einstaklingnum eiginleg og aðrar hegðunartruflanir hafa átt sér stað eftir notkun bensódíazepína og skyldra lyfja. Þetta geta verið afleiðingar virka efnisins, sem getast sjálfkrafa, eða afleiðing líkamlegra eða geðrænna undirliggjandi þátta. Þessi viðbrögð eru líklegri til að eiga sér stað hjá öldruðum. Hætta skal notkun lyfsins ef ofangreind viðbrögð koma fyrir. Meta verður öll ný einkenni sem tengjast hegðun vandlega og tafarlaust.

Sérstakir sjúklingahópar

Áfengis- og lyfjamisnotkun

Bensódíazepín og skyld lyf skal nota með ítrustu varúð hjá sjúklingum sem hafa misnotað áfengi eða lyf.

Skert lifrarstarfsemi

Bensódíazepín og skyld lyf eru ekki ætluð sjúklingum með verulega skerta lifrarstarfsemi þar sem þau geta komið af stað heilakvilla (sjá kafla 4.2). Hjá sjúklingum með væga eða miðlungsmikla skerðingu á lifrarstarfsemi er aðgengi zaleplons aukið vegna minni úthreinsunar og því þarf að aðlagga skammtinn hjá þessum sjúklingum.

Skert nýrnastarfsemi

Sonata er ekki ætlað til meðferðar handa sjúklingum með verulega skerta nýrnastarfsemi þar sem fullnægjandi rannsóknir hjá þessum sjúklingum liggja ekki fyrir. Hjá sjúklingum með væga til meðal skerta nýrnastarfsemi, er ekki marktækur munur á lyfjahvörfum zaleplons miðað við heilbrigða einstaklinga. Þannig að ekki þarf að breyta skömmtum hjá þessum sjúklingum.

Skert öndun

Gæta skal varúðar þegar slævandi lyfjum er ávísað á sjúklinga með langvinna öndunarskerðingu.

Geðveiki (psychosis)

Ekki er ráðlagt að nota bensódíazepín og skyld lyf til grunnmeðferðar við geðsjúkdómum.

Þunglyndi

Bensódíazepín og skyld lyf á ekki að nota ein sér til meðferðar við þunglyndi eða kvíða í tengslum við þunglyndi (það getur aukið hættuna á sjálfsvígum). Vegna aukinnar hættu á ofskömmtnun af yfirlögðu ráði hjá fólki með þunglyndi, ætti magn ávísaðra lyfja í þessum flokki, þar með talið zaleplon, að vera í lágmarki.

Sonata inniheldur laktósa. Sjúklingar með galaktósaóþol, laktasaskort eða vanfrásog glúkósa-galaktósa, sem eru mjög sjaldgæfir arfgengir kvillar, skulu ekki nota lyfið.

4.5 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Samtímis notkun Sonata og áfengis er ekki ráðlögð. Slævandi áhrif lyfsins geta aukist þegar það er notað samtímis áfengi sem getur haft áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla næsta dag (sjá kafla 4.7).

Ef önnur lyf með verkun á miðtaugakerfið eru tekin samhliða skal gæta við fyrir áhrifum þeirra. Miðlæg slævandi áhrif geta aukist þegar önnur lyf eru notuð samtímis s.s. sterk geðlyf (neuroleptics), svefnlyf, kvíðastillandi/róandi lyf, þunglyndislyf, sterk verkjalyf, flögaveikilyf, svæfingarlyf og slævandi andhistamín. Samhliða notkun zaleplons og þessara lyfja getur aukið hættu á syfju næsta dag þ.m.t. skerta hæfni til aksturs (sjá kafla 4.7).

Samhliða gjöf á stökum 10 mg skammti af zaleploni og venlafaxíni (forðalyfi) 75 mg eða 150 mg á dag leiddi ekki af sér neinar milliverkanir sem höfðu áhrif á minni (upprifjun á orðum, án tafar og seinni) eða frammistöðu á hughreyfiprófi (digit symbol substitution test). Ekki voru heldur neinar lyfjahvarfamilliverkanir milli zaleplons og venlafaxíns (forðalyfs).

Þegar um sterk verkjalyf er að ræða getur aukin vellíðan einnig leitt til aukins líkamlegs ávana.

Greint er frá því að dífenhýdrámm sé veikur hemill á aldehyðoxidasa í rottulifur, en hömlunaráhrif þess í lifur hjá mönnum eru ekki þekkt. Engin lyfjahvarfafræðileg milliverkun er á milli zaleplons og dífenhýdrámmis eftir lyfjagjöf með einum skammti (10 mg og 50 mg, í þeirri röð) af hvoru lyfi. Úr því að bæði þessi efnasambönd hafa áhrif á miðtaugakerfið eru viðbótarlyfhrif hugsanleg.

Címetidín, sem er ósértækur miðlungsöflugur hemill á ýmis lifrarensím, þ.á m. bæði aldehyðoxidasa og CYP3A4, jók plasmabéttni zaleplons um 85% þar sem það hamlaði bæði ensími á 1. stigi (aldehyðoxidasa) og 2. stigi (CYP3A4) umbrota zaleplons. Af þessum ástæðum skal gæta varúðar þegar Címetidín og Sonata eru gefin samtímis.

Gjöf Sonata samtímis einum skammti af 800 mg erytrómýcíni, öflugum, sértækum CYP3A4 hemli jók blóðþéttni zaleplons um 34%. Almenn er skammtaaðlögun ekki nauðsynleg en sjúklingar skyldu varaðir við að slævandi áhrif Sonata gætu aukist.

Hins vegar getur rífampicín sem er öflugur innleiðari ýmissa lifrarensíma, þ.á m. CYP3A4 leitt til fjórfaldrar lækunar á blóðþéttni zaleplons. Gjöf Sonata samhliða lyfjum sem innleiða CYP3A4 svo sem rífampicíns, karbamazepíns og fenóbarbítóns getur dregið úr verkun zaleplons.

Sonata hafði ekki áhrif á lyfjahvörf eða verkunarhátt dígoxíns og warfaríns, tveggja lyfja með þröngan lækningalegan stuðul. Íbúprófen, sem er dæmi um lyf sem hefur áhrif á útskilnað um nýru, hafði engar milliverkanir við Sonata.

4.6 Frjósemi, meðganga og brjóstagjöf

Þó að ekki hafi verið sýnt fram á nein vanskapandi áhrif eða eiturveirverkanir á fósturvísi í dýrarannsóknunum, eru ekki fyrirbyggjandi nægilegar upplýsingar til þess að meta öryggi notkunar Sonata á meðgöngu og meðan á brjóstagjöf stendur. Ekki er mælt með notkun Sonata á meðgöngu. Sé lyfinu ávísað fyrir konu á barneignaraldri, skal henni ráðlagt að hafa samband við lækni varðandi það að hætta lyfjameðferðinni ef hún áformar að verða barnshafandi eða hefur grun um að hún sé það.

Ef lyfið er gefið, af mikilvægum lækisfræðilegum ástæðum, á síðari hluta meðgöngu eða í stórum skömmtum meðan á fæðingarhríðum stendur, má búast við áhrifum á nýburann, s.s. lágum líkamshita, slakri vöðvaspennu og miðlungsmikilli öndunarþælingu vegna lyfjafræðilegrar verkunar lyfsins.

Nýburar mæðra sem að staðaldri hafa tekið bensódíazepín og skyld lyf á síðari hluta meðgöngu, geta verið orðnir líkamlega háðir lyfinu og geta átt á hættu að fá fráhrarfseinkenni eftir fæðingu.

Þar sem zaleplon skilst út í brjóstamjólk, skal ekki gefa konum sem hafa börn á brjósti Sonata.

4.7 Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

Sonata hefur mikil áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla.

Slæving, minnisleysi, einbeitingarskortur og truflun á vöðvastarfsemi geta haft áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla næsta dag. Ef ekki fæst nægilega langur svefni eftir inntöku lyfsins geta líkur á skertri athygli aukist. Ennfremur getur samhliða notkun zaleplons og efengis og annarra miðtaugakerfisbælandi lyfja aukið þessa hættu (sjá kafla 4.5). Sjúklingum sem fást við verkefni sem krefjast ákveðinnar leikni eða kunnáttu er ráðlagt að gæta varðar. Ráðleggja á sjúklingum að hvorki aka né nota vélar fyrr en ljóst er að hæfni til þess er óskert.

4.8 Aukaverkanir

Algengustu aukaverkanirnar sem greint var frá eru minnisleysi, náladofi svefnhöfgi og tíðaverkir.

Tíðnin er skilgreind á eftirfarandi hátt

Mjög algengar ($\geq 1/10$)

Algengar ($\geq 1/100$ til $< 1/10$)

Sjaldgæfar ($\geq 1/1.000$ til $< 1/100$)

Mjög sjaldgæfar ($> 1/10.000$ til $< 1/1.000$):

Koma örsjaldan fyrir ($< 1/10.000$)

Tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirbyggjandi gögnum)

Innan tíðniflokka eru alvarlegustu aukaverkanirnar taldar upp fyrst.

Líffæri/líffærakerfi (Tíðni)

Taugakerfi

Algengar:

Sjaldgæfar:

Sjá einnig undir minnisleysi hér að neðan

Augu

Sjaldgæfar:

Eyru og völundarhús

Sjaldgæfar:

Aukaverkanir

minnisleysi, náladofi svefnhöfgi
hreyfiglöp/óeðlileg samhæfing vöðvahreyfinga,
sundl, einbeitingarskortur, lyktarglöp,
málörðugleikar (framsagnartregða, óskýr
framburður), skert snertiskyn

skert sjón, tvísýni

ofurnæm heyrn

Meltingarfæri

Sjaldgæfar: ógleði

Húð og undirhúð

Sjaldgæfar: ljósnæmi
Tíðni ekki þekkt ofnæmisbjúgur

Efnaskipti og næring

Sjaldgæfar: lystarleysi

Almennar aukaverkanir og aukaverkanir á

íkomustað

Sjaldgæfar: máttleysi, lasleiki,

Ónæmiskerfi

Koma örsjaldan fyrir: bráðaofnæmis-/bráðaofnæmiskk viðbrögð

Lifur og gall

Tíðni ekki þekkt: eituráhrif á lifur (lýsir sér aðallega sem aukning á transamínasa)

Geðræn vandamál

Sjaldgæfar: sjálfshvarf, ofskynjanir, þunglyndi, ringlun,
sinnuleysi
Tíðni ekki þekkt: svefnganga

Sjá einnig undir þunglyndi, geðræn viðbrögð og þversæðu viðbrögð hér að neðan.

Minnisleysi

Framvirkt minnisleysi getur átt sér stað við notkun ráðlagðra lækningalegra skammta, en hættan eykst með stærri skömmtum. Áhrif minnisleysisins geta tengst óviðeigandi hegðun (sjá kafla 4.4).

Þunglyndi

Undirliggjandi þunglyndi getur komið í ljós meðan á meðferð með bensódíazepíni eða skyldum lyfjum stendur.

Geðræn viðbrögð og þversæðuviðbrögð

Viðbrögð svo sem eirðaleysi, uppnám, önguglyndi, árásargirni, óeðlilegar hugsanir, ranghugmyndir, skapofsaköst, martraun, ofskynjanir, geðveiki (psychoses), óviðeigandi hegðun og aðrar hegðunartruflanir kafa átt sér stað eftir notkun bensódíazepína og skyldra lyfja. Slík viðbrögð eru líklegri hjá öldruðum.

Ávanahætta

Notkun lyfisins (jafnvel í meðferðarskömmum) getur leitt til líkamlegrar ávanamyndunar. Þegar meðferð er hætt geta komið fram fráhrifseinkenni eða endurkomið svefnleysi (sjá kafla 4.4). Andleg ávanahætta er einnig fyrir hendi. Misnotkun bensódíazepína og skyldra virkra efna er vel þekkt.

Tilkynning aukaverkana sem grunur er um að tengist lyfinu

Eftir að lyf hefur fengið markaðsleyfi er mikilvægt að tilkynna aukaverkanir sem grunur er um að tengist því. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með sambandinu milli ávinnings og áhættu af notkun lyfisins. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá [Appendix V](#).

4.9 Ofskömmtun

Takmörkuð klínísk reynsla er fyrir hendi vegna bráðrar ofskömmtunar Sonata og hafa ofskömmtunarmörk hjá mönnum ekki verið skilgreind.

Eins og á við um önnur bensódíazepín og skyld lyf ætti ofskömmtun ekki að vera lífshættuleg nema lyfið hafi verið tekið inn ásamt öðrum efnum sem bæla starfsemi miðtaugakerfisins (þ.á m. áfengi).

Einkenni ofskömmtunar

Ofskömmtun bensódíazepíns eða skyldra lyfja kemur yfirleitt fram sem mismunandi mikil bæling á starfsemi miðtaugakerfisins, allt frá syfju til dás. Í vægum tilfellum eru einkennin syfja, ringlun og svefnhöfði. Í alvarlegri tilfellum geta einkennin einnig verið slingur, minnkuð vöðvaspenna, lágbrystingur og öndunarbæling, í mjög sjaldgæfum tilvikum dái og örsjaldan dauði. Greint hefur verið frá litmigu (þvag verður blágrænt á lit) við ofskömmtun með zaleploni.

Meðferð við ofskömmtun

Þegar meðferð er veitt vegna ofskömmtunar hvaða lyfs sem er, skal ávallt hafa í huga að um fleiri en eitt efni getur verið að ræða.

Meðferð við ofskömmtun Sonata er að mestu stuðningsmeðferð. Venjulega dái að halda öndunarvegi opnum og veita stuðning við öndun og blóðflæði. Í vægum tilvikum á að fylgjast með öndun og blóðrás hjá sofandi sjúklingum. Ekki er mælt með að kalla fram uppköst. Í alvarlegum tilvikum geta lyfjakol eða magaskolun komið að gagni ef stutt er liðið frá inntöku. Auk þess getur þurft að koma frekari jafnvægi á blóðrás og hafa sjúklinginn í gjörgæslu. Ekki hefur verið lagt mat á gildi þvingaðrar skilunar (forced dialysis) eða blóðskilun við meðferð við ofskömmtun.

Dýratilraunir benda til þess að flúmazeníl sé viðtakablokk (antagonist) zaleplons og íhuga ætti notkun þess þegar um ofskömmtun Sonata er að ræða. Þó er engin klínísk reynsla fyrir hendi af notkun flúmazeníls sem mótefnis við ofskömmtun Sonata.

5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Lyfhrif

Flokkun eftir verkun: Bensódíazepín og skyld lyf, ATC flokkun N05CF03

Zaleplon er pýrazólópýrimidín svefnlyf sem er byggingarlega frábrugðið bensódíazepínnum og öðrum svefnlyfjum. Zaleplon bindst sértækt við bensódíazepínviðaka af gerð I.

Lyfjahlvörf zaleplons sýna að frásog og brotthvarf eru hröð (sjá kafla 5.2). Þessir eiginleikar, ásamt viðtakatengingum sem eru sértækar m.t.t. ákveðinna undirflokka, með mjög sértæku vali og lítilli sækni í bensódíazepínviðtaka af gerð I, er það sem einkennir Sonata.

Sýnt hefur verið fram á verkun Sonata bæði á svefnrannsóknarstofum þar sem notað hefur verið hlutlægt margþætt svefnrit (polysomnography (PSG)) til að mæla svefn, og á göngudeildum með spurningalistum fyrir sjúklinga til þess að meta svefn. Í þessum rannsóknum voru sjúklingar greindir með svefnleysi án þekktra orsaka (primary (psychophysiological) insomnia).

Í rannsóknum á göngudeildarsjúklingum kom í ljós að í allt að 4 vikur, festu sjúklingar sem ekki voru aldraðir fyrir svefn með 10 mg af Sonata. Aldraðir sjúklingar festu oft svefn marktækt fyrir með 5 mg af Sonata og með 10 mg af Sonata festu þeir svefn að staðaldrí fyrir en þeir sem fengu lyfleysu, í 2 vikna rannsóknum. Þeir sem fengu Sonata festu svefn marktækt fyrir en þeir sem fengu lyfleysu. Niðurstöður 2 vikna og 4 vikna rannsókna sýndu að lyfjafræðilegt þol myndaðist ekki af Sonata, óháð skömmum.

Í rannsóknum á Sonata þar sem hlutlægar PSG mælingaraðferðir voru notaðar, var 10 mg Sonata áhrifaríkara en lyfleysa í að stuðla að því að fólk festi svefn fyrir og auka þann tíma sem svefninn varði

fyrri hluta nætur. Í samanburðarrannsóknum þar sem hlutfallsleg tímalengd hvers svefnstigs var mæld var sýnt fram á að Sonata varðveitir svefnstigin.

5.2 Lyfjahlvörf

Frásög

Zaleplon frásogast hratt og nánast fullkomlega eftir inntöku, hámarksþéttni næst eftir u.þ.b. eina klukkustund. Að minnsta kosti 71% skammtsins sem tekinn er inn, frásogast. Umbrot zaleplons hefst áður en það fer út í blóðrásina, sem leiðir til þess að aðgengi er í raun u.þ.b. 30%.

Dreifing

Zaleplon er fitusækið og dreifingarrúmmálið er u.þ.b. $1,4 \pm 0,3$ l/kg eftir gjöf í æð. Próteinbinding í plasma *in vitro* er u.þ.b. 60%, sem bendir til þess að lítil hætta sé á milliverkunum virka efnisins vegna próteinbindingar.

Umbrot

Zaleplon umbrotnar fyrst og fremst fyrir tilstilli aldehyðoxidasa yfir í 5-oxo-zaleplon. Auk þess umbrotnar zaleplon fyrir tilstilli CYP3A4 yfir í desetylzaleplon sem umbrotnar fyrir tilstilli aldehyðoxidasa yfir í 5-oxo-desetylzaleplon. Þessi oxunarumbrotsefni umbrotna svo enn frekar með tengingu við glúkúróníð. Öll umbrotsefni zaleplons eru óvirk, bæði í atferlislikörum dýra og í *in vitro* virkniprófunum.

Blóðþéttni zaleplons jókst línulega með skammtastærð og engin merki um uppsöfnun komu fram eftir gjöf allt að 30 mg daglega. Helmingunartími brotthvarfs zaleplons er u.þ.b. 1 klukkustund.

Útskilnaður

Zaleplon skilst út á formi óvirkra umbrotsefna, aðallega í þvagi (71%) og saur (17%). Af þeim skammti sem tekinn er inn skiljast 57% út í þvagi á formi 5-oxo-zaleplons og glúkúróníðumbrotsefni þess, og 9% sem 5-oxo-desetylzaleplon og glúkúróníðumbrotsefni þess. Önnur umbrotsefni sem skiljast út í þvagi eru í litlu magni. Meginhluti þess sem skilst út með saur er 5-oxo-zaleplon.

Skert lifrarstarfsemi

Zaleplon er aðallega umbrotið í lifur og áður en það fer út í blóðrásina er það að stórum hluta umbrotið. Því er úthreinsun zaleplons sem tekið er inn minnkuð um 70% annars vegar og 87% hins vegar í sjúklingum með tempraða skorpulifur og sjúklingum með vantempraða skorpulifur. Þetta leiddi til aukins meðal C_{max} og AUC (allt að 4-7 föld í annars vegar tempruðum og hins vegar vantempruðum sjúklingum) miðað við heilbrigða einstaklinga. Skammt zaleplons ætti að minnka hjá sjúklingum með væga til miðlungs væga lifrabilun og ekki er mælt með notkun zaleplons hjá sjúklingum með alvarlega lifrabilun.

Skert nýrnastarfsemi

Lyfjahlvörf eins skammts af zaleplon voru skoðuð í sjúklingum með væga nýrnabilun (kreatínin úthreinsun 40 til 89 ml/mín.) og miðlungsmikla nýrnabilun (20 til 39 ml/mín.) svo og hjá sjúklingum í himnuskilun. Hjá sjúklingum með miðlungsmikla nýrnabilun og hjá þeim sem voru í himnuskilun var 23% lækkun á hámarks plasmaþéttni samanborið við heilbrigða sjálfboðaliða. Heildarmagn zaleplons var svipað hjá öllum hópum. Því þarf ekki skammtaæðlögum hjá sjúklingum með væga eða miðlungsmikla nýrnabilun. Notkun zaleplon hefur ekki verið skoðað nægilega hjá sjúklingum með alvarlega nýrnabilun.

5.3 Forklínískar upplýsingar

Eiturverkun við endurtekna skammta

Líkt og verkun sem fram hefur komið hjá öðrum lyfjum sem bindast bensódíazepínviðtökum, kom afturkræf þyngdaraukning á nýrnahettum og lifur einungis fram hjá rottum og hundum við endurtekna gjöf til inntöku á margföldum meðferðarhámarksskammti sem notaður er hjá mönnum. Í þriggja mánaða rannsókn sem gerð var á ókynþroska hundum dró marktækt úr þyngd bæði blöðruhálskirtils og eistna við þessa skammta.

Eiturverkun á æxlun

Í rannsókn á frjósemi og tímgunargetu hjá kven- og karlrottum tengdist dánartíðni og minnkuð frjósemi inntöku á 100 mg/kg/sólarhring af zaleploni (skammturinn jafngildir 49-földum ráðlögðum hámarksskammti hjá mönnum sem er 20 mg miðað við mg/m²). Eftirfylgnirannsóknir gáfu til kynna að skert frjósemi væri vegna áhrifa á kvendýrið.

Í rannsóknum á þroska fósturvísu og fóstura hjá rottum og kaninum þar sem ungafullar rottur fengu allt að 100 mg/kg/sólarhring og kanínur 50 mg/kg/sólarhring til inntöku voru engar vísbendingar um vansköpun (skammtarnir jafngilda 49-földum (rottur) og 48-földum (kanínur) ráðlögðum hámarksskammti hjá mönnum miðað við mg/m²). Hjá rottum var vaxtarskerðing hjá afkvæmum fyrir og eftir got ef móðirin fékk eiturverkunarskammt sem nam 100 mg/kg/sólarhring. Sá skammtur hafði engin áhrif á vöxt hjá rottuungum var 10 mg/kg (skammtur jafngildir 5-földum ráðlögðum hámarksskammti hjá mönnum miðað við mg/m²). Ekki varð vart við áhrif á þroska fósturvísu og fósturs hjá kaninum.

Í rannsókn á þroska hjá rottum fyrir og eftir got varð vart við fleiri andvana fæðingar og dauða eftir got og auk þess dró úr vexti og líkamlegum þroska afkvæma kvendýra sem fengu skammta ≥ 7 mg/kg/sólarhring sem ekki kölluðu fram eiturverkun á móðurdýr. Skammtur sem hafði engin áhrif á þroska afkvæma var 1 mg/kg/sólarhring (skammtur sem jafngildir 0,5-földum ráðlögðum hámarksskammti hjá mönnum miðað við mg/m²). Varðandi áhrif á lífvæðleika og vöxt afkvæma í rannsókn á fósturun (cross-fostering) virtust þessi áhrif stafa bæði af útsöngu zaleplons á meðgöngu og við mjólkurgjöf.

Krabbameinsvaldandi áhrif

Þegar rottum var gefið zaleplon til inntöku í 104 vikur samfleytt í skömmtum allt að 20 mg/kg/sólarhring olli það ekki lyfjatengdum æxlisvexti. Þegar músun var gefið zaleplon til inntöku í 65 eða 104 vikur samfleytt í stórum skömmtum (≥ 100 mg/kg/sólarhring) olli það marktækt auknum góðkynja, en ekki illkynja, æxlisvexti í lifur. Aukin tíðni góðkynja lifraræxla hjá músun var líklega afleiðing aðlögunar.

Á heildina litið, benda forklínískar rannsóknir ekki til neinnar marktækrar hættu af notkun zaleplons í ráðlögðum skömmtum fyrir menn.

6. LYFJAGERÐARFRÉTTILEGAR UPPLÝSINGAR

6.1 Hjálparefni

Innihald hylkisins
Míkrókristallaðir sellulósi,
hleypt sterkja,
kísiltvíoxíð,
natríum lauryl sulfat,
magnesíum sterat,
laktósamónóhýdrat,
indígó carmín (E132),
títantvíoxíð (E171).

Hylkisskel
gelatín,
títantvíoxíð (E171),
rautt járnnoxíð (E172),
gult járnnoxíð (E172),
svart járnnoxíð (E172),
natríum lauryl sulfat.

Innihaldsefni prentbleksins á hylkinu eru eftirfarandi (gyllt blek SB-3002):
shellac,
ammoníumhýdroxíð,
gult járnoxíð (E172).

6.2 Ósamrýmanleiki

Á ekki við.

6.3 Geymsluþol

3 ár.

6.4 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluaðstæður lyfsins.

6.5 Gerð íláts og innihald

PVC/PVDC álþynnupakkingar með 7, 10, 14 hylkjum í rifgötuðum stakskarminn þynnum. Ekki er víst að allar pakkingastærðir verði markaðssettar.

6.6 Sérstakar varúðarráðstafanir við förgun og önnur meðhöndlun

Engin sérstök fyrirmæli.

Sonata er hannað þannig að ef innihald hylkisins er leyst upp í vökva, breytir vökvinn um lit og verður skýjaður.

7. MARKAÐSLEYFISHAFI

Meda AB
Pipers väg 2A
S-170 09 Solna
Svíþjóð

8. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/99/102/001-003

9. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS/ENDURNÝJUNAR MARKAÐSLEYFIS

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 12. mars 1999.
Nýjasta dagsetning endurnýjunar markaðsleyfis: 12. mars 2009.

10. DAGSETNING ENDURSKOÐUNAR TEXTANS

Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar Evrópu <http://www.ema.europa.eu/>.

Upplýsingar á íslensku eru á <http://www.serlyfjaskra.is>.

SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

1. HEITI LYFS

Sonata 10 mg hörð hylki.

2. INNIHALDSLÝSING

Hvert hylki inniheldur 10 mg af zaleploni.

Hjálparefni með þekkta verkun: Laktósamónóhýdrat 49 mg.

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Hylki, hart.

Hylkin eru hörð, ógegnæ, hvít með áletruðum styrkleika „10 mg“.

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Ábendingar

Sonata er ætlað til meðferðar við svefnleysi hjá sjúklingum sem eiga erfitt með að festa svefn. Það er eingöngu ætlað til notkunar þegar um alvarlegt svefnleysi er að ræða sem skerðir starfsgetu viðkomandi einstaklings eða veldur honum verulegri streitu.

4.2 Skammtar og lyfjagjöf

Fyrir fullorðna er ráðlagður skammtur 10 mg.

Meðferð skal gefa í eins skammti tma og mögulegt er, hámarkstímalengd er tvær vikur.

Sonata má taka rétt áður en lagt er til svefns, eða eftir að reynt hefur verið að sofna, án árangurs. Þar sem gjöf eftir máltíð seinkar hámarksþéttni í plasma um u.þ.b. tvær klukkustundir á ekki að neyta matar með eða stuttu fyrir töku Sonata

Heildarskammtur af Sonata skal aldrei vera meira en 10 mg á sólarhring. Ráðleggja skal sjúklingum að taka ekki tvo skammta á einni nóttu.

Aldraðir

Aldraðir sjúklingar geta verið næmir fyrir áhrifum svefnlyfja, því er ráðlagður skammtur af Sonata fyrir aldraða 5 mg.

Börn

Ekki má nota Sonata fyrir börn og unglinga yngri en 18 ára (sjá kafla 4.3).

Skert lifrarstarfsemi

Vegna skertrar úthreinsunar skal gefa sjúklingum með væga eða miðlungsmikla skerðingu á lifrarstarfsemi 5 mg af Sonata. Sjá kafla 4.3 fyrir verulega skerta lifrarstarfsemi.

Skert nýrnastarfsemi

Engin þörf er á aðlögun skammta hjá sjúklingum með væga og miðlungsmikla skerðingu á nýrnastarfsemi þar sem lyfjahlvörf Sonata eru óbreytt hjá þeim. Ekki má nota þegar um verulega skerta nýrnastarfsemi er að ræða (sjá kafla 4.3).

4.3 Frábendingar

Ofnæmi fyrir virka efniinu eða einhverju hjálparefnanna sem talin eru upp í kafla 6.1.

Verulega skert lifrarstarfsemi.

Verulega skert nýrnastarfsemi.

Kæfisvefn (sleep apnoea syndrome).

Vöðvaslensfár (myasthenia gravis).

Veruleg skerðing á öndunarstarfsemi.

Börn og unglingar (yngri en 18 ára).

4.4 Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun

Tilkynnt hefur verið um flókna hegðun sjúklinga sem nota slævandi svefnlyf s.s. „að keyra í svefni“ (þ.e. viðkomandi keyrir eftir neyslu slævandi svefnlyfja, er ekki fullkomlega vakandi og man ekki eftir atvikinu). Slík atvik geta átt sér stað hjá þeim sem nýbyrjaðir að taka slævandi svefnlyf en einnig hjá þeim sem hafa reynslu af notkun lyfsins. Þrátt fyrir að hegðun eins og að keyra í svefni geti átt sér stað þegar slævandi svefnlyf eru notuð ein og sér í lækningalegum meðferðaskömmtum getur notkun áfengis og annarra lyfja sem hafa bælendi áhrif á miðtaugakerfið ásamt slævandi svefnlyfjum aukið hættuna á slíkri hegðun ásamt því ef farið er yfir ráðlagða skammta. Vegna hættu fyrir sjúklinginn og samfélagið skal stöðva meðferð zaleplon hjá sjúklingum sem tilkynna um akstur í svefni. Tilkynnt hefur verið um fleiri hliðar flókinnar hegðunar (t.d. að útbúa og borða mat, hringja símtöl eða stunda kynlíf) hjá sjúklingum sem ekki eru fullkomlega vakandi eftir inntöku slævandi svefnlyfja. Líkt og með akstur í svefni muna sjúklingar yfirleitt ekki eftir þessum atburðum.

Tilkynnt hefur verið um alvarleg bráðaofnæmis-/bráðaofnæmislík viðbrögð eftir notkun slævandi svefnlyfja, þar á meðal zaleplon. Tilkynnt hefur verið um tilfelli ofsabjúgs sem fram getur komið á tungu, raddglufu (glottis) eða barkakýli eftir inntöku fyrsta skammts eða áframhaldandi skammta slævandi svefnlyfja þar á meðal zaleplon. Sumir sjúklingar sem hafa tekið slævandi svefnlyf hafa fengið önnur einkenni s.s. andþrængsl, þrængsl í hálsi, ógleði eða uppköst. Nokkrir sjúklingar hafa þurft á læknishjálp að halda á bráðadeildum. Sé um ofsabjúg að ræða í tungu, raddglufu eða barkakýli getur það leitt til öndunarerfiðleika sem geta verið banvænir. Ef sjúklingar fá ofsabjúg eftir meðferð með zaleplon eiga þeir ekki að taka virka efnið aftur.

Svefnleysi getur verið vegna undirliggjandi líkamlegra eða geðrænna þátta. Svefnleysi sem heldur áfram eða versnar eftir að zaleplon meðferð hefur staðið í stuttan tíma, getur bent til þess að endurmeta þurfi ástand sjúklings.

Vegna þess hve helmingunartími zaleplons í blóði er stuttur, skal íhuga aðra meðferð ef sjúklingur vaknar of snemma að morgni. Ráðleggja skal sjúklingum að taka ekki annan skammt af lyfinu sömu nóttina.

Þegar Sonata er gefið samtímis öðrum lyfjum sem hafa áhrif á CYP3A4 má búast við breytingum á blóðþéttni zaleplons (sjá kafla 4.5).

Samtímis notkun Sonata og áfengis er ekki ráðlögð. Slævandi áhrif lyfsins geta aukist þegar það er notað samtímis áfengi sem getur haft áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla næsta dag (sjá kafla 4.7).

Þolmyndun

Eftir endurtekna notkun í nokkrar vikur getur dregið úr svæfandi verkun stuttverkandi bensódíazepína og skyldra lyfja.

Ávanahætta

Notkun bensódíazepína og skyldra lyfja getur haft líkamlega og andlega ávanahættu í för með sér. Ávanahættan eykst eftir því sem skammtar eru stærri og meðferð lengri og er meiri hjá sjúklingum sem hafa misnotað áfengi og/eða lyf. Hafi líkamlegur ávani myndast og meðferð er hætt skyndilega, verður fráhvarfseinkenna vart. Þau geta verið höfuðverkur, vöðvaverkir, verulegur kvíði, spennu, eirðarleysi, ringlun og önglyndi. Í alvarlegum tilvikum geta eftirfarandi einkenni komið fram: veruleikafirring, persónuleikafirring, ofnæm heyrn, dofi og erting í útlimum, aukið næmi fyrir ljósi, hávaða og líkamlegri snertingu, ofskynjanir og krampaflog. Eftir markaðssetningu hafa komið fram upplýsingar um ávanahættu tengda zaleploni, aðallega í samsetningu með öðrum geðlyfjum.

Endurkomið svefnleysi (rebound insomnia) og kvíði

Tímabundið ástand, þar sem þau einkenni sem leiddu til meðferðar með bensódíazepíni eða skyldu lyfi koma fram af enn meiri þunga en áður, getur átt sér stað þegar meðferðinni er hætt. Þessu geta einnig fylgt önnur einkenni s.s. skapbreytingar, kvíði, svefntruflanir og eirðarleysi.

Tímalengd meðferðar

Meðferð skal standa í eins stuttan tíma og mögulegt er (sjá kafla 4.2), og ekki lengur en tveir vikur. Meðferðina skal ekki framlengja nema að klínískt ástand sjúklingsins hafi verið endurnetið.

Það getur verið gagnlegt að upplýsa sjúklinginn um það í byrjun meðferðar að meðferðin muni aðeins standa í skamman tíma. Mikilvægt er að sjúklingar viti af mögulegri endurnomu svefnleysis (rebound phenomena), þannig að halda meg kvíða í lágmarki fari svo að slík einkenni geri vart við sig þegar meðferð er hætt.

Minnisleysi og hughreyfiskerðing (psychomotor impairment)

Bensódíazepín og skyld lyf geta valdið framvirku minnisleysi og hughreyfiskerðingu. Þetta kemur oftast fram á fyrstu klukkustundunum eftir inntöku lyfsins. Til þess að draga úr líkunum á þessu ættu sjúklingar að sjá til þess að þeir hafi möguleika á fjögurra klukkustunda ótrufluðum svefni eftir inntöku Sonata (sjá kafla 4.7).

Geðræn viðbrögð og þverstæðuviðbrögð

Þekkt er að viðbrögð svo sem eirðarleysi, uppnám, önglyndi, minnkun á hömlum árásgirni, óeðlilegar hugsanir, ranghugmyndir, skapófsaköst, martraðir, persónuleikaröskun, ofskynjanir, geðveiki (psychoses), óviðeigandi hegðun, úthverfa sem ekki er einstaklingnum eiginleg og aðrar hegðunartruflanir hafa átt sér stað eftir notkun bensódíazepína og skyldra lyfja. Þetta geta verið afleiðingar virka efnisins, sem getast sjálfkrafa, eða afleiðing líkamlegra eða geðrænna undirliggjandi þátta. Þessi viðbrögð eru líklegri til að eiga sér stað hjá öldruðum. Hætta skal notkun lyfsins ef ofangreind viðbrögð koma fyrir. Meta verður öll ný einkenni sem tengjast hegðun vandlega og tafarlaust.

Sérstakir sjúklingahópar

Áfengis- og lyfjamisnotkun

Bensódíazepín og skyld lyf skal nota með ítrustu varúð hjá sjúklingum sem hafa misnotað áfengi eða lyf.

Skert lifrarstarfsemi

Bensódíazepín og skyld lyf eru ekki ætluð sjúklingum með verulega skerta lifrarstarfsemi þar sem þau geta komið af stað heilakvilla (sjá kafla 4.2). Hjá sjúklingum með væga eða miðlungsmikla skerðingu á lifrarstarfsemi er aðgengi zaleplons aukið vegna minni úthreinsunar og því þarf að aðlagza skammtinn hjá þessum sjúklingum.

Skert nýrnastarfsemi

Sonata er ekki ætlað til meðferðar handa sjúklingum með verulega skerta nýrnastarfsemi þar sem fullnægjandi rannsóknir hjá þessum sjúklingum liggja ekki fyrir. Hjá sjúklingum með væga til meðal skerta nýrnastarfsemi, er ekki marktækur munur á lyfjahvörfum zaleplons miðað við heilbrigða einstaklinga. Þannig að ekki þarf að breyta skömmtum hjá þessum sjúklingum.

Skert öndun

Gæta skal varúðar þegar slævandi lyfjum er ávísað á sjúklinga með langvinna öndunarskerðingu.

Geðveiki (psychosis)

Ekki er ráðlagt að nota bensódíazepín og skyld lyf til grunnmeðferðar við geðsjúkdómum.

Þunglyndi

Bensódíazepín og skyld lyf á ekki að nota ein sér til meðferðar við þunglyndi eða kvíða í tengslum við þunglyndi (það getur aukið hættuna á sjálfsvígum). Vegna aukinnar hættu á ofskömmtnun af yfirlögðu ráði hjá fólki með þunglyndi, ætti magn ávísaðra lyfja í þessum flokki, þar með talið zaleplon, að vera í lágmarki.

Sonata inniheldur laktósa. Sjúklingar með galaktósaóþol, laktasaskort eða vanfrásog glúkósa-galaktósa, sem eru mjög sjaldgæfir arfgengir kvillar, skulu ekki nota lyfið.

4.5 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Samtímis notkun Sonata og áfengis er ekki ráðlögð. Slævandi áhrif lyfsins geta aukist þegar það er notað samtímis áfengi sem getur haft áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla næsta dag (sjá kafla 4.7).

Ef önnur lyf með verkun á miðtaugakerfið eru tekin samhliða skal gera ráð fyrir áhrifum þeirra. Miðlæg slævandi áhrif geta aukist þegar önnur lyf eru notuð samtímis s.s. sterk geðlyf (neuroleptics), svefnlyf, kvíðastillandi/róandi lyf, þunglyndislyf, sterk verkjalyf, flögaveikilyf, svæfingarlyf og slævandi andhistamín. Samhliða notkun zaleplons og þessara lyfja getur aukið hættu á syfju næsta dag þ.m.t. skerta hæfni til aksturs (sjá kafla 4.7).

Samhliða gjöf á stökum 10 mg skammti af zaleploni og venlafaxíni (forðalyfi) 75 mg eða 150 mg á dag leiddi ekki af sér neinar milliverkanir sem höfðu áhrif á minni (upprifjun á orðum, án tafar og seinni) eða frammistöðu á hughreyfiprófi (digit symbol substitution test). Ekki voru heldur neinar lyfjahvarfamilliverkanir milli zaleplons og venlafaxíns (forðalyfs).

Þegar um sterk verkjalyf er að ræða getur aukin vellíðan einnig leitt til aukins líkamlegs ávana.

Greint er frá því að dífenhýdrámm sé veikur hemill á aldehyðoxidasa í rottulifur, en hömlunaráhrif þess í lifur hjá mönnum eru ekki þekkt. Engin lyfjahvarfafræðileg milliverkun er á milli zaleplons og dífenhýdrámmis eftir lyfjagjöf með einum skammti (10 mg og 50 mg, í þeirri röð) af hvoru lyfi. Úr því að bæði þessi efnasambönd hafa áhrif á miðtaugakerfið eru viðbótarlyfhrif hugsanleg.

Címetidín, sem er ósértækur miðlungsöflugur hemill á ýmis lifrarensím, þ.á m. bæði aldehyðoxidasa og CYP3A4, jók plasmabéttni zaleplons um 85% þar sem það hamlaði bæði ensími á 1. stigi (aldehyðoxidasa) og 2. stigi (CYP3A4) umbrota zaleplons. Af þessum ástæðum skal gæta varúðar þegar Címetidín og Sonata eru gefin samtímis.

Gjöf Sonata samtímis einum skammti af 800 mg erytrómýcíni, öflugum, sértækum CYP3A4 hemli jók blóðþéttni zaleplons um 34%. Almenn er skammtaaðlögun ekki nauðsynleg en sjúklingar skyldu varaðir við að slævandi áhrif Sonata gætu aukist.

Hins vegar getur rífampicín sem er öflugur innleiðari ýmissa lifrarensíma, þ.á m. CYP3A4 leitt til fjórfaldrar lækunar á blóðþéttni zaleplons. Gjöf Sonata samhliða lyfjum sem innleiða CYP3A4 svo sem rífampicíns, karbamazepíns og fenóbarbítóns getur dregið úr verkun zaleplons.

Sonata hafði ekki áhrif á lyfjahvörf eða verkunarhátt dígoxíns og warfaríns, tveggja lyfja með þröngan lækningalegan stuðul. Íbúprófen, sem er dæmi um lyf sem hefur áhrif á útskilnað um nýru, hafði engar milliverkanir við Sonata.

4.6 Frjósemi, meðganga og brjóstagjöf

Þó að ekki hafi verið sýnt fram á nein vanskapandi áhrif eða eiturvekanir á fósturvísi í dýrarannsóknunum, eru ekki fyrirbyggjandi nægilegar upplýsingar til þess að meta öryggi notkunar Sonata á meðgöngu og meðan á brjóstagjöf stendur. Ekki er mælt með notkun Sonata á meðgöngu. Sé lyfinu ávísað fyrir konu á barneignaraldri, skal henni ráðlagt að hafa samband við lækni varðandi það að hætta lyfjameðferðinni ef hún áformar að verða barnshafandi eða hefur grun um að hún sé það.

Ef lyfið er gefið, af mikilvægum læknisfræðilegum ástæðum, á síðari hluta meðgöngu eða í stórum skömmtum meðan á fæðingarhríðum stendur, má búast við áhrifum á nýburann, s.s. lágum líkamshita, slakri vöðvaspennu og miðlungsmikilli öndunarbælingu vegna lyfjafræðilegrar verkunar lyfsins.

Nýburar mæðra sem að staðaldri hafa tekið bensódíazepín og skyld lyf á síðari hluta meðgöngu, geta verið orðnir líkamlega háðir lyfinu og geta átt á hættu að fá fráhrarfseinkenni eftir fæðingu.

Þar sem zaleplon skilst út í brjóstamjólk, skal ekki gefa konum sem hafa börn á brjósti Sonata.

4.7 Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

Sonata hefur mikil áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla.

Slæving, minnisleysi, einbeitingarskortur og truflun á vöðvastarfsemi geta haft áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla næsta dag. Ef ekki fæst nægilega langur svefni eftir inntöku lyfsins geta líkur á skertri athygli aukist. Ennfremur getur samhliða notkun zaleplons og efengis og annarra miðtaugakerfisbælandi lyfja aukið þessa hættu (sjá kafla 4.5). Sjúklingum sem fást við verkefni sem krefjast ákveðinnar leikni eða kunnáttu er ráðlagt að gæta varðar. Ráðleggja á sjúklingum að hvorki aka né nota vélar fyrr en ljóst er að hæfni til þess er óskert.

4.8 Aukaverkanir

Algengustu aukaverkanirnar sem greint var frá eru minnisleysi, náladofi svefnhöfgi og tíðaverkir.

Tíðnin er skilgreind á eftirfarandi hátt

Mjög algengar ($\geq 1/10$)

Algengar ($\geq 1/100$ til $< 1/10$)

Sjaldgæfar ($\geq 1/1.000$ til $< 1/100$)

Mjög sjaldgæfar ($> 1/10.000$ til $< 1/1.000$):

Koma örsjaldan fyrir ($< 1/10.000$)

Tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirbyggjandi gögnum)

Innan tíðniflokka eru alvarlegustu aukaverkanirnar taldar upp fyrst.

Líffæri/líffærakerfi (Tíðni)

Taugakerfi

Algengar:

Sjaldgæfar:

Sjá einnig undir minnisleysi hér að neðan

Augu

Sjaldgæfar:

Aukaverkanir

minnisleysi, náladofi svefnhöfgi
hreyfiglöp/óeðlileg samhæfing vöðvahreyfinga,
sundl, einbeitingarskortur, lyktarglöp,
málörðugleikar (framsagnartregða, óskýr
framburður), skert snertiskyn

skert sjón, tvísýni

Eyru og völundarhús

Sjaldgæfar: ofurnæm heyrn

Meltingarfæri

Sjaldgæfar: ógleði

Húð og undirhúð

Sjaldgæfar: ljósnæmi
Tíðni ekki þekkt ofnæmisbjúgur

Efnaskipti og næring

Sjaldgæfar: lystarleysi

Almennar aukaverkanir og aukaverkanir á

Íkomustað

Sjaldgæfar: máttleysi, lasleiki,

Ónæmiskerfi

Koma örsjaldan fyrir: bráðaofnæmis-/bráðaofnæmislík viðbrögð

Lifur og gall

Tíðni ekki þekkt: eitúráhrif á lifur (lysir sér aðallega sem aukning á transamínasa)

Geðræn vandamál

Sjaldgæfar: sjálfshvarf, ofskynjanir, þunglyndi, ringlun,
sinnuleysi
Tíðni ekki þekkt: svefnanga

Sjá einnig undir þunglyndi, geðræn viðbrögð og þverstæðu viðbrögð hér að neðan..

Minnisleysi

Framvirkt minnisleysi getur átt sér stað við notkun ráðlagðra lækningalegra skammta, en hættan eykst með stærri skömmtum. Áhrif minnisleysisins geta tengst óviðeigandi hegðun (sjá kafla 4.4).

Þunglyndi

Undirliggjandi þunglyndi getur komið í ljós meðan á meðferð með bensódíazepíni eða skyldum lyfjum stendur.

Geðræn viðbrögð og þverstæðuviðbrögð

Viðbrögð svo sem pirðarleysi, uppnám, ónuglyndi, árásargirni, óeðlilegar hugsanir, ranghugmyndir, skapofsakösi, martraðir, ofskynjanir, geðveiki (psychoses), óviðeigandi hegðun og aðrar hegðunartuðlanir hafa átt sér stað eftir notkun bensódíazepína og skyldra lyfja. Slík viðbrögð eru líklegri hjá öldruðum.

Ávanahætta

Notkun lyfsins (jafnvel í meðferðarskömmtum) getur leitt til líkamlegrar ávanamyndunar. Þegar meðferð er hætt geta komið fram fráhrifseinkenni eða endurkomið svefnleysi (sjá kafla 4.4). Andleg ávanahætta er einnig fyrir hendi. Misnotkun bensódíazepína og skyldra virkra efna er vel þekkt.

Tilkynning aukaverkana sem grunur er um að tengist lyfinu

Eftir að lyf hefur fengið markaðsleyfi er mikilvægt að tilkynna aukaverkanir sem grunur er um að tengist því. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með sambandinu milli ávinnings og áhættu af notkun lyfsins. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá [Appendix V](#).

4.9 Ofskömmtun

Takmörkuð klínísk reynsla er fyrir hendi vegna bráðrar ofskömmtunar Sonata og hafa ofskömmtunarmörk hjá mönnum ekki verið skilgreind.

Eins og á við um önnur bensódíazepín og skyld lyf ætti ofskömmtun ekki að vera lífshættuleg nema lyfið hafi verið tekið inn ásamt öðrum efnum sem bæla starfsemi miðtaugakerfisins (þ.á m. áfengi).

Einkenni ofskömmtunar

Ofskömmtun bensódíazepíns eða skyldra lyfja kemur yfirleitt fram sem mismunandi mikil bæling á starfsemi miðtaugakerfisins, allt frá syfju til dás. Í vægum tilfellum eru einkennin syfja, ringlun og svefnhöfði. Í alvarlegri tilfellum geta einkennin einnig verið slingur, minnkuð vöðvaspenna, lágbrystingur og öndunarbæling, í mjög sjaldgæfum tilvikum dái og örsjaldan dauði. Greint hefur verið frá litmigu (þvag verður blágrænt á lit) við ofskömmtun með zaleploni.

Meðferð við ofskömmtun

Þegar meðferð er veitt vegna ofskömmtunar hvaða lyfs sem er, skal ávallt hafa í huga að um fleiri en eitt efni getur verið að ræða.

Meðferð við ofskömmtun Sonata er að mestu stuðningsmeðferð. Venjulega dái að halda öndunarvegi opnum og veita stuðning við öndun og blóðflæði. Í vægum tilvikum á að fylgjast með öndun og blóðrás hjá sofandi sjúklingum. Ekki er mælt með að kalla fram uppköst. Í alvarlegum tilvikum geta lyfjakol eða magaskolun komið að gagni ef stutt er liðið frá inntöku. Auk þess getur þurft að koma frekari jafnvægi á blóðrás og hafa sjúklinginn í gjörgæslu. Ekki hefur verið lagt mat á gildi þvingaðrar skilunar (forced dialysis) eða blóðskilun við meðferð við ofskömmtun.

Dýratilraunir benda til þess að flúmazeníl sé viðtakablokk (antagonist) zaleplons og íhuga ætti notkun þess þegar um ofskömmtun Sonata er að ræða. Þó er engin klínísk reynsla fyrir hendi af notkun flúmazeníls sem mótefnis við ofskömmtun Sonata.

5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Lyfhrif

Flokkun eftir verkun: Bensódíazepín og skyld lyf, ATC flokkun N05CF03

Zaleplon er pýrazólópýrimidín svefnlyf sem er byggingarlega frábrugðið bensódíazepínnum og öðrum svefnlyfjum. Zaleplon bindst sértækt við bensódíazepínviðaka af gerð I.

Lyfjahlvörf zaleplons sýna að frásog og brotthvarf eru hröð (sjá kafla 5.2). Þessir eiginleikar, ásamt viðtakatengingum sem eru sértækar m.t.t. ákveðinna undirflokka, með mjög sértæku vali og lítilli sækni í bensódíazepínviðtaka af gerð I, er það sem einkennir Sonata.

Sýnt hefur verið fram á verkun Sonata bæði á svefnrannsóknarstofum þar sem notað hefur verið hlutlægt margþætt svefnrit (polysomnography (PSG)) til að mæla svefn, og á göngudeildum með spurningalistum fyrir sjúklinga til þess að meta svefn. Í þessum rannsóknum voru sjúklingar greindir með svefnleysi án þekktra orsaka (primary (psychophysiological) insomnia).

Í rannsóknum á göngudeildarsjúklingum kom í ljós að í allt að 4 vikur, festu sjúklingar sem ekki voru aldraðir fyrir svefn með 10 mg af Sonata. Aldraðir sjúklingar festu oft svefn marktækt fyrir með 5 mg af Sonata og með 10 mg af Sonata festu þeir svefn að staðaldrí fyrir en þeir sem fengu lyfleysu, í 2 vikna rannsóknum. Þeir sem fengu Sonata festu svefn marktækt fyrir en þeir sem fengu lyfleysu. Niðurstöður 2 vikna og 4 vikna rannsókna sýndu að lyfjafræðilegt þol myndaðist ekki af Sonata, óháð skömmum.

